



# www.vorsteh.is

## Ársskýrsla 2020

3 laus sæti voru í stjórn deildarinnar.

Kjörtímabili þriggja stjórnarmeðlima var að ljúka, þeir voru

Lárus Eggertsson sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Gunnar Róbert Pétursson sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Sigurður Arnet Vilhjálmsson sem gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Að auki buðu Sigrún Guðlaugardóttir og Díana Sigurfinnsdóttir sig fram til stjórnarkjörs. Ekki bárust fleiri framboð til stjórnarsetu og voru því Sigurður, Sigrún og Díana sjálfkjörin.

## Got á árinu:

### Snögghærður Vorsteh

Fjallatinda Skuggi / Heiðnabergs Freyja von geif 4 hvolpar fæddir 19.03.2019.

(Veiðimela Bjn) C.I.B.NORDICCh ISCh RW- 17-18 Veiðimela Jökull/ RW-17 Rampen's Nina 11 hvolpar fæddir 06.06.2019 og

(Íspoku) C.I.B. ISCh RW-14 Bendishunda Saga ( Poka ) /ISShCh NLM RW-19 Rugdelias ØKE Tiur 6 hvolpar fæddir 05.09.2019

### Strýhærður Vorsteh

(Hlaðbrekku) C.I.B ISCh RW-18 ISCh Gg Sef / C.I.E. NORDICCh ISShCh RW-16-18 NLM Ice Artemis Hera 3 hvolpar fæddir 03.02.2019

(Ice Artemis ) ISShCh Ice Artemis Mjólnir /ISShCh Munkefjellets Mjöll 10 hvolpar fæddir 26.02.2019. 3 tíkur og 7 rakkar

### **Meistarar á árinu:**

#### Snögghærður Vorsteh:

Legacyk Got Milk hlaut titilinn Íslenskur ungliðameistari ISJCh

Rugdelias ØKE Tiur hlaut titilinn Íslenskur Sýningameistari ISShCh, Reykjavik Winner RW-19, Norðurljósa meistari NLM.

Veiðimela Jökull hlaut titilinn Nordic show champion NORDICCh

Zeldu BST Nikíta ( Níta) hlaut titilinn Íslenskur ungliðameistari ISJCh.

#### Strýhærður Vorsteh:

Ice Artemis Hera hlaut titilinn Nordic show champion NORDICCh

### **Nýir landnemar.**

Það er alltaf gaman þegar fluttir eru til landsins Vorsteh hundar til bæta flórana okkar og ekki síst til að bæta stofninn þegar fram líður.

Á árinu 2019 komu tveir Vorsteh hundar til landsins, einn strýhærður og einn snögghærður. Legacyk Got Milk (Oreo) snögghærður Vorsteh var flutt inn af Arkenstone ræktunin sem eru þau Friðrik G. Friðriksson, Hilda Björk Friðriksdóttir og Anna María Gunnarsdóttir. Strýhærða tíkin Gyvel (Dimma) var flutt inn af Ice Artemis Ræktun. Að baki Ice Artemis Ræktun er Lárus Eggertsson

Á árinu 2020 hafa þegar komið tveir Vorsteh hundar til landsins, einn stýhærður og einn snögghærður. Skátfjellet DTL Leo er snögghærður sem fluttur var inn af Zeldu-ræktun en á bakvið Zeldu ræktun er Kjartan Antonsson, Eydís Gréta Guðbrandsdóttir, Ottó Reimarsson og Fríða Björk Birgisdóttir. Leo er 7 mánaða gamall.

Á vegum Hlaðbrekkuræktunar koma stýhærða tíkin Sansas Bejla (Siva) til landsins í janúar og

úr einagrun í febrúar, Siva er 4 ára gömul, á bakvið Hlaðbrekkuræktun eru Sigurður Arnet Vilhjálmsson og Guðni Stefánsson.

**Belcandopróf Vorstehdeildar** var 5-7 apríl.

Dómari var **Alexander Kristiansen** frá Noregi. Prófstjóri Guðni Stefánsson.

Unghundar byrjuðu á föstudeginum í sól og frábæru veðri, en kannski helst til rólegum vindi þar sem gufustrókarnir frá Hellisheiðarvirkjun stóðu lóðrétt upp í loftið. Prófstjóri var Sigurður Ben Björnsson. Farið var upp á Gumma Bogg og gengið niður í átt að Lyklafelli og svo hring í vestur. Nokkrir fuglar fundust en engin var fuglavinnan þótt að sumir hafi fengið góðan séns á henni. Ungundarir að vinna fínt og fengu rúman tíma.

Á laugardeginum var farið frá Nesjavallaveginum, rétt fyrir ofan Gumma Bogg og upp á heiði í átt að Borgarhólum. Prófstjóri var Guðni Stefánsson. Það var fullt blandað party, 4 UF og 10 OF hundar.

Frábært veður, heldur meiri vindur en daginn áður sem var frábært, og kalt. Einar Guðna var göngustjóri og það var ekki lengi beðið eftir að fyrstu fuglar dagsins fundust og svo stóðu menn í fugli upp í mitti allan daginn, sem varð ekki svo langur af þeim sökum og mikið fjör. Úrslit laugardagsins voru eftirfarandi:

#### **UF**

Almkullens Hrima, Breton, leiðandi Dagfinnur Smári Ómarsson 1. einkunn.

#### **OF**

Rypleja's Klaki, Breton, leiðandi Dagfinnur Smári Ómarsson 1.einkunn

Veiðimela Jökull, Vorsteh, leiðandi Friðrik G. Friðriksson 2.einkunn

Rjúpnasels Rán, ES, leiðandi Eyþór Þórðarson 3.einkunn

Á sunnudeginum var sama upp á teningnum með veðrið, frábært veður og farið á svipaðan stað og daginn áður. Prófstjóri var Guðni Stefánsson og dómaranemi var Einar Örn. Þennan daginn var bara OF og 10 hundar mættir.

3 mínútum eftir fyrsta slepp kom fyrsti standurinn og svo var aftur nóg af fugli og endalausir sénsar.

Það er skemmst frá því að segja að sömu OF hundarnir og höfðu landað einkunn daginn áður voru þeir sem stóðu uppi með einkunn eftir daginn.

#### **OF**

Rypleja's Klaki, Breton, leiðandi Dagfinnur Smári Ómarsson 1.einkunn

Veiðimela Jökull, Vorsteh, leiðandi Friðrik G. Friðriksson 3.einkunn

Rjúpnasels Rán, ES, leiðandi Eyþór Þórðarson 3.einkunn

Alla dagana var reynt að lýsa prófinu á Belcandoisland snappinu og svo á laugardag og sunnudag var prófi slitið í Sólheimakoti með rjó mavöflum og kaffi að hætti Diönu ásamt kræsingunum frá Ljósasmiðjunni.

Ekki má gleyma að þakka öllum sem hjálpuðu til. Sigga Benna fyrir prófstjórn á föstudegi, Einari Guðna fyrir að hjálpa okkur að finna svæði og stjórna göngunni og fleirum sem lögðu

hönd á plóg. Styrktaraðilar fá ómældar þakkir, Belcando og Famous Grouse og svo Ljósasmiðjan fyrir frábært morgunverðarhlaðborð.

**Bendispróf Vorstheildar** var haldið helgina 4 – 6 október.

Dómarar í þessu prófi voru: Stig-Hávard Skain Hansen, Bernt Martin Sandsør og Egill Bergmann.

Prófstjórar voru; Guðni Stefánsson og Guðmundur Pétursson.

Á fyrsta degi prófs var veðrið var nú ekkert að leika við okkur mikill vindur. En í hús komu þrjá einkunnir.

Fóellu Myrra – Breton - 1.einkunn - eigandi Svafar Ragnarsson.

Fóellu Kolka – Bretona - 1. einkunn - eigandi Dagfinnur Ómarsson

Rjúpnabrekku Fríða – Enskur setter - 2. einkunn - eigandi Jón Bjarmi Sigurðsson.

Á degi tvö, laugardeginum var keppnisflokkur og var prófið haldið á Rockville svæðinu, eins og daginn áður var veðrið ekki upp á það besta. Tvö sæti náðust.

Hafrafells Hera – Enskur setter – 1.sæti – Leiðandi Páll Kristjánsson

Rypleja's Klaki – Breton – 2.sæti – Leiðandi Dagfinnur Ómarrson

Lokadagur í þriggja daga Bendisprófi Vorstheildar var haldinn sunnudaginn 6.október.

Prófað var í opnum flokki og keppnisflokki. Keppnisflokkurinn var haldin á Rockville svæðinu eins og deginum áður en opni flokkurinn á Mosfellsheiði.

Því miður fór dagurinn þannig að engin einkunn náðist í opnum flokki en tvö sæti skiluðu sér í hús í keppnisflokki.

Hafrafells Hera – Enskur setter – 1.sæti – Leiðandi Páll Kristjánsson

Rjúpnasels Rán – Enskur setter – 2.sæti – Leiðandi Eyþór Þórðarson

Stjórn Vorstheildar þakkar dómurum, próstjórum, fulltrúum HRFÍ og þátttakendum kærlega fyrir skemmtilega helgi. Einnig viljum við þakka aðal styrktaraðila prófsins, Bendir sérsverslun með hundavörur fyrir stuðninginn.

**Sækispróf Vorstheildar** var haldið sunnudaginn 23.júní með góðum stuðningi frá Ljósasmiðjunni, Bendi og Famous Grouse. Prófið var haldið við Kóngsveginn og á Hafravatni.

Fjórir hundar þreyttu prófið, einn unghundur og þrír hundar í opnum flokki. Guðni Stefánsson dæmdi prófið og dómarameni var Unnur Unnsteinsdóttir. Allir hundar lönduðu fyrstu einkunn. Til hamingju einkunnahafar með frábæran árangur og takk kærlega fyrir góðan dag.

### **Unghundaflokkur**

Ice Artemis Dáð 1. Einkunn

### **Opin Flokkur**

Háfjalla Parma 1. Einkunn

Blásskjárs Skuggi Jr. 1. Einkunn

Sika ze Strazistských lesu 1. einkunn

## **Félagsfundur 9 mai.**

Vorsteheild stóð fyrir sameiginlegum félagsfundi deilda í tegundarhóp 7.

Dagskráin var.

1. Æfingar og próf í sumar
2. Námskeið í sumar.
3. Nýjar veiðiprófsreglur
4. Önnur mál

Fundinum var streymt beint á Facebook, og vakti það mikla lukku og um 300 áhorf voru. Skemmst er frá því að segja að aðalumræðan var um nýjar veiðiprófsreglur, þar sem langflestir voru andvígir því að taka þær upp og frekar þýða norsku reglurnar og taka þær upp 2021. Stofna nefnd sem fer í þýðinguna þannig að þær verði klárar fyrir þann tíma. Tímamóta fundur þar sem ótrúlegur samhljómur náðist og frábært skref tekið til framtíðar í þessu sporti.

## **Nýr íslenskur dómari fyrir Tegundarhóp 7 !**

Guðni Stefánsson sem er útskrifaður sækiprófsdómari í Noregi, sótti um Íslensk réttindi sem sækiprófsdómari á veiðiprófum Tegundarhóps 7.

Íslensku réttindin hafa nú verið staðfest af Norska og Íslenska dómaramaráðinu og Stjórn HRFÍ.

Við höfum því fengið nýjan íslenskan dómara  
Til hamingju Guðni !

## **Nýr styrktaraðili**

Vorsteheild barst glæsilegur styrkur frá nýjum styrktaraðila. Veiðihúsið Sakka styrkti deildina með tveimur glæsilegum RECORD CHIEF 9 mm. startbyssum sem munu svo

sannarlega koma að góðum notum og eru veigamikill hluti í að deildin geti átt sinn eigin prófkassa sem er nú klár.

Vorsteheild þakkar Veiðihúsinu innilega fyrir veglegan styrk

### **Sýningarþjálfanir**

Vorsteheild hefur staðið fyrir sýningarþjálfunum fyrir sýningar HRFÍ, þegar sýningarnar hafa verið innandyra hefur Bendir styrkt okkur með leigu á reiðhöllinni á Blíðubakka.

Mikil ásókn hefur verið í þjálfunina af mörgum tegundum hunda og töluverðar tekjur fyrir deildina safnast saman úr þessum þjálfunum.

Viljum við þakka Sigrúnu, Grétu, Diönu og Kjartani fyrir að skipuleggja, þjálfra og almennt sjá um þessar þjálfanir.

Frábær þjónusta fyrir félagsmenn og mikil ánægja með framtakið.

### **Sumargleði Troll - sækikeppni**

Sumargleðin var haldin 30.mai í frábæru veðri.

Fyrsta þraut var að sækja eins mörg kvikindi eins og hægt var á 5 mínútum. Lögð var út ýmiskinar bráð, rjúpur, lundar, mávar og refur sem gáfu mismörg stig.

Önnur þraut var að sækja eins mörg dummy og hægt var á 4 mínútum hámark 10 af 15.

UF var aðeins nær bráðinni og þurfti ekki að sækja eins mörg dummy.

Unnur Unnsteinsdóttir dæmdu og þökkum við henni kærlega fyrir það og hjálpina.

Um 12 hundar voru skráðir í OF og UF.

Einnig voru grillaðar pulsar, spjallað og hlegið, skemmtilegt kvöld

#### **UF**

1. Ice Artemis Dáð og Leifur
2. Hríma og Dagfinnur

#### **OF**

1. GG Sef og Guðni
- 2-3. Yrsa og Einar – Veiðimela Gló og Elías

Þökkum öllum, styrktaraðilanum Einari Guðnasyni sem gaf 5 x 15kg af Troll hundafóðri, GS skerping sem mætti með pulsar og grill, Famous Grouse sem gaf viskú fyrir fyrsta sæti í báðum flokkum, og öllum þeim sem komu og tóku þátt.

### **Cristine Due**

Í júní kom til landsins á vegum deildarinnar hin danska Christine Due og var með 2ja daga námskeið fyrir standandi fuglahunda. Þátttakendum var skipt upp í þrjá hópa, unghundaflokk og hundum eldri en 2 ára var skipt upp í tvo hópa, þ.e. hundar með litla

reynslu og hundar lengra komnir. Námskeiðið var haldið í og við Sólheimakot og við Hafravatn. Nítján hunda voru skráðir á námskeiðið, sex unghundar og 13 hundar eldri en 2 ára. Tegundirnar voru: snögg og strýhræður Vorsteh, Enskur, setter, Breton, Bracco, enskur Pointer og Korthals Griffon. Í unghundaflokknum var farið í grunnþætti eins og að kenna hundinum að halda á dummy, hlýðni, stýring og stöðuleika og einnig farið í grunninn í vatnavinnu. Í eldri hópnum var farið dýpra í sækivinnuna og farið í mis erfiðar æfingar allt eftir því hvar hundarnir voru staddir í sinni þjálfun, einnig var farið í vatnavinnuna. Christine lagið mikla áherslu á að nauðsynlegt sé að byggja upp samband milli hunds og eigenda og hlýðni og stöðuleika æfingar sé grunnurinn í því. Hundur sem ekki getur hlýtt heima í garði muni ekki hlýða upp á heiði. Einnig að grunnur að eiga hund sem er góður sækir, sé að vinna grunnvinnuna og kenna hundinum að halda á dummyinu áður en farið er í að láta hann sækja. Það er okkar trú að allir hafi haft gagn og gaman af þessu námskeiði enda lögðum við strax grunnunn að því að Christine kæmi til okkar í lok maí árið 2020 en því miður vegna ástandsins vegna Covid-19 verður ekki af því. Við vonumst til að geta fengið hana síðar til landsins þegar allt verður komið í eðlilegt horf með flugsamgöngur og ferðalög á milli landa.

Fyrir þá sem ekki vita þá eru hér smá upplýsingar um hver Christine er.

Christine Due er dönsk og fædd árið 1986. Hún er með langan afrekslista í hundasportinu og er m.a. margfaldur heimsmeistari. Hún rekur sinn eigin hundaskóla og er með námskeið en einnig tekur hún að sér að þjálfa hunda fyrir aðra. Christine á ekki langt að sækja áhuga sinn á hundum en faðir hennar á Kragborg Kennel sem er þekkt fyrir ræktun sína á strýhærðum Vorsteh.

## Lénið

Árið 2005 sýndi Einar Hallson þá fyrirhyggju að sækja um lénið Vorsteh.is. Þegar Vorstehdeild HRFÍ var stofnuð 2008 og heimasíða gerð lét hann deildina hafa lénið. Einar átti snögghærða Vorstehhundinn ISCh ISFtCh Óðinn sem fæddur var 2002. Óðinn var undan Radbach's Silver Bullet og Gæfu Ölmú sem var úr fyrsta gotinu hjá Ívari Erlendssyni. Alla tíð hefur Einar borgað árgjaldið af léninu, sem er góður stuðningur við deildina, safnast þegar saman kemur á þessum árum, og þökkum við Einari kærlega fyrir fyrirhyggjuna og stuðninginn.

Núna er Vorstehdeild tekin við sem rétthafi lénsins.

Einar vildi engar þakkir fyrir en við verðum nú aðeins að minnst á þetta.

## **Prófi 4.-5. apríl AFLÝST!**

Í ljósi óvissuástands í íslensku samfélagi og heiminum öllum vegna Covid-19 veirunnar var ákvörðun tekin að aflýsa prófi deildarinnar sem til stóð að halda 4.-5. apríl. Stjórn þótti óforsvaranlegt að bjóða Kjetil Kristiansen til landsins í ljósi fréttu af aðgerðum stjórnvalda í Noregi á þeim tíma.

Vorsteheild fylgdi fordæmi HRFÍ sem hafði bæði lokað skrifstofu og frestað ræktunarnámskeiði sem til stóð að halda.

Eins var horft til þess að Norðmenn höfðu frestað eða aflýst öllum sínum prófum um óákveðinn tíma.

Stjórn þykir sérlega miður að aflýsa prófi en telur þá ákvörðun hafa verið þá réttu í ljósi aðstæðna og vonar að félagsmenn sýni því skilning.

### **Ársfundir seinkar**

Ekki var hægt sökum Covid að halda ársfund á réttum tíma, en strax og ásættanlegar tilslakanir á samkomubanni tóku gildi var blásið til fundar.

### **Námskeiði með Christine Due aflýst.**

Námskeiðið með Christine Due sem átti að vera um Hvítasunnuhelgina 29 maí – 1 júní var aflýst vegna takmörkunar á komu ferðamanna til landsins þ.e. að krafan um tveggja vikna sóttkví verður í gildi til 15.júní hér á landi. Við vonum að við getum fengið hana til landsins síðar á árinu.

### **Stigahæstu hundar Vorsteheildar 2019**

Stigakeppni Vorsteheildar er haldin ár hvert.

Stigahæsti hundur í OF 2019

C.I.B ISCh RW-18 GG Sef

Eigandi: Rannveig Hafsteinsdóttir

Stigahæsti hundur í KF 2019

C.I.B ISCh RW-18 GG Sef

Eigandi: Rannveig Hafsteinsdóttir

Stigahæsti hundur í OA 2019

C.I.B ISCh RW-18 GG Sef

Eigandi: Rannveig Hafsteinsdóttir

Stigahæsti hundur í UF 2019

Ice Artemis Dáð

Eigandi: Leifur Einar Einarsson



Við óskum eigendum og leiðendum innilega til hamingju með flotta hunda. Þeir eru svo sannarlega vel að sigrinum komnir.  
Vel gert !!

Vorsteheild þakkar styrktaraðilum deildarinnar kærlega fyrir stuðninginn, án þeirra væri illmögulegt að halda þessa glæsilegu viðburði.  
Bendir, Ljósasmiðjan, Belcando, Veiðihúsið og síðast en ekki síst Famous Grouse hafa styrkt okkur myndalega á árinu sem er ómetanlegt.

Fyrir hönd stjórnar

Guðmundur Pétursson formaður.

